

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

*Varatillögur (sbr. frávisunartillögu í nál. á þskj. 645):*

1. Við 3. gr.
  - a. A-liður orðist svo: 5. mgr. orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 25% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins. Sé aflahlutdeild flutt á milli skipa í eigu sama aðila skal heimilt að flytja aflamark sem úthlutað hefur verið vegna aflahlutdeildarinnar ásamt aflahlutdeildinni.
  - b. B-liður falli brott.
  - c. C-liður orðist svo: 6. mgr. fellur brott.
  - d. D-liður orðist svo: 7. mgr. fellur brott.
2. Við 4. gr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. efnismásl. a-liðar
3. gr. skal miða við 42% í stað 25% fiskveiðiárið 2010/2011 og 36% í stað 25% fiskveiðiárið 2011/2012.
3. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Heimilt er að hluti heildarafla í skötusel hjá skipum sem ekki stunda beinar skötuselsveiðar sé utan aflamarks. Ráðherra útfærir heimildina frekar í reglugerð auk þess að tiltaka nákvæma prósentutölu heimilaðs meðafla.